

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0037  
LA

## Efni: Umsögn um matsskyldu vegna aukinnar efnistöku í Minnivallanámu

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt frá Skipulagsstofnun, dags. 21. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn varðandi áform um aukna efnistöku úr Minnivallanámu í landi Minni-Valla, Rangárþingi Ytra.

Fram kemur að efnistaka hefur verið í Minnivallanámu í áratugi og að nú þegar hafa verið unnir um 20.000 m<sup>3</sup> af bergi úr námunni á um 1,4 ha svæði. Fyrirhuguð er aukin efnistaka á allt að 70.000 m<sup>3</sup> á bergi til viðbótar á um 5,4 ha af nær óröskuðu svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með tilkynntri framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þjorsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi runnið á nútíma fyrir um 8600 árum og tengist eldstöðvakerfinu í Bárðarbungu. Hraunið er áætlað um 970 km<sup>2</sup> að stærð og er að meðaltali um 26 m þykkt. Líklegt er talið að hraunið við Minnivallanámu sé um 20 m á þykkt.

Þjorsárhraunið er metið með hátt vísinda- og fræðslugildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Víða er Þjorsárhraunið þakið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum, en í Uppsveitum Árnassýslu eru nokkuð stór hraunasvæði þar sem yfirborð Þjorsárhraunsins er nær óraskað og vel greinilegt, t.d. í nágrenni við Minnivallanámu.

Samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga um sérstaka vernd kemur fram að forðast ber að raska eldhraunum frá nútíma nema að brýna nauðsyn beri til og er þar fyrst og fremst átt við brýna almannahagsmuni. Í tilkynntri framkvæmd er brýn nauðsyn til efnistöku í Þjorsárhrauni frekar óljós, en nefnt er að afla efnis til hinna ýmsu framkvæmda s.s. í vegagerð, í húsbyggingar og önnur mannvirki (kafla 2.2).

Á fyrirhuguðu efnistökusvæði hefur Þjorsárhrauninu (Minnivallahrauni) nú þegar verið raskað að hluta vegna efnistöku, bæði við Minnivallanámu og einnig um 3 km suðvestan við hana þar sem önnur og umfangsmeiri bergnáma er í notkun. Í nálægð námanna beggja liggur háspennulína og línuslóði yfir hraunið. Þetta rask á yfirborði hraunsins verður ekki bætt eða endurheimt, og raskið dregur úr verndargildi hraunsins. Samlegðaráhrif efnistökusvæðanna eru mikil og aukin efnistaka innan svæðisins mun draga enn frekar úr verndargildi hraunsins.

Efnistökusvæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar vegna vatnsbóla VB8 við Tvíbytnulæk og VB9 við Kerauga. Í greinargerðinni eru taldar litlar líkur á mengun grunnvatns vegna efnistöku




á svæðinu. Náttúrufræðistofnun mælist til þess að tilgreindar séu aðgerðir til að koma í veg fyrir mengunarslys og eins að til séu viðbragðsáætlanir ef mengunarslys verða innan svæðisins.

Vegna sérstöðu og verndargildis Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að á þeim svæðum sem enn eru óröskuð sé leitast við að varðveita yfirborð hraunsins og hvetur sveitarfélög á Suðurlandi til að huga að vernd á óröskuðum hluta Þjórsárhrauns.

Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki matsskylda, en mælist til þess að tekið sé tillit til verndargildis hraunsins með góðri umgengni innan námusvæðisins, að stuðlað verði að góðri nýtingu með því að áfangaskipta efnistökkunni og koma í veg fyrir að yfirborði hraunsins sé raskað að óþörfu.

Virðingarfyllt,



Lovisa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

